

AUGLÝSING

um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar og fjárlög fyrir árið 2015 hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar:

á veitusvæði HS veitna	3,57 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli	4,95 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli	3,61 kr./kWst.,
á veitusvæði Rafveitu Reyðarfjarðar	3,30 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í dreifbýli	5,24 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í þéttbýli	3,65 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur	4,04 kr./kWst.,
á veitusvæði Norðurorku	3,33 kr./kWst.

b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum:

RARIK	2,77 kr./kWst.
Orkubú Vestfjarða	2,63 kr./kWst.
HS veitur	95,95 kr./m ³ .

c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.

Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðaltali niðurgreidds raforkuverðs til húshitunar í dreifbýli, nýtni olíuhitunarkerfis og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.

d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.

Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 1,50 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar og fjárlög fyrir árið 2015 hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra ákveðið að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst./ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m³/ári hjá kyntum hitaveitum og 4.480 lítrar af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Fjárhæðir niðurgreiðslna til húshitunar samkvæmt auglýsingu þessari gilda frá og með 1. janúar 2015.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. janúar 2015.

Ragnheiður Elín Árnadóttir
iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Ingvi Már Pálsson.